

JAFNRÉTTISNEFND NESKAUPSTAÐAR.

Útskrift úr gjörðabók.

Ár 1978, mánudaginn 30. janúar kl. 20⁰⁰ er haldinn 12. fundur í Jafnréttisnefnd Neskaupstaðar. ←

Mættir voru: Gerður G. Óskarsdóttir formaður, Randíður Vigfúsdóttir, Jóhannes Stefánsson, Anna Björnsdóttir, Stella Steinþórsdóttir og Hlín Aðalsteinsdóttir. Auk þess mætti Guðmundur Sigurjónsson frá Verkalýðsfélagi Norðfirðinga.

Tekið fyrir:

1. Bréf frá Kvenréttindafélagi Íslands sem sent var öllum stjórnsmálaflökkum. Í bréfinu kemur fram, að konur eru 3,7 % af kjörnum fulltrúum í sveitarstjórnnum hér á landi og að konur eru 5 % af kjörnum fulltrúum á Alþingi. Þetta er mun lakaræ hlutfall en á hinum Norðurlöndunum.
2. Fundur þeirra jafnréttisnefnda, sem nú eru starfandi á landinu og Jafnréttisráðs Íslands laugardaginn 4. febrúar n.k.
Jafnréttisráð hefur boðað til þessa fundar og mun borga hálf t fargjald fyrir einn á fundinn. Formaður verður í Reykjavík þennan dag. Samþykkt var að Stella Steinþórsdóttir einnig á fundinn að öllu forfallalaus. Helmingur fargjalds verður greiddur af nefndinni.
3. Fundur á vegum Verkalýðsfélags Norðfirðinga og Jafnréttisnefndar Neskaupstaðar um tvöfalt vinnuálag kvenna. Fundinn sat úr stjórn Verkalýðsfélags Norðfirðinga Guðmundur Sigurjónsson. Fyrirkomulag fundarins rætt. Akveðið var að Verkalýðsfélagið athugi með möguleika á vinnustaðarfundum.

Formaður sagði frá vinnustaðafundum sem haldnir hafa verið á vegum Menningar- og fræðslusambands alþýðu.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Randíður Vigfúsdóttir (sign.)	Hlín Aðalsteinsdóttir, (sign.)	Anna Björnsd. (sign.)
Jóhannes Stefánsson (sign.)	Stella Steinþórsdóttir (sign.)	Gerður G. Óskarsd. (sign.)

Ár 1978, miðvikudaginn 8. mars kl. 20⁰⁰ er haldinn 13. fundur í Jafnréttisnefnd Neskaupstaðar. ←

Mættir voru: Gerður G. Óskarsdóttir, Anna Björnsdóttir, Randíður Vigfúsdóttir, Árni Þormóðsson, Hlín Aðalsteinsdóttir, Sigrún Þormóðsdóttir og Stella Steinþórsdóttir.

Tekið fyrir:

1. Formaður minntist 8. mars, en sá dagur var gerður að alþjóðlegu baráttudegi verkakvenna á ráðstefnu, sem haldinn var í Kaupmannahöfn árið 1910. Framkvæðið átti hinn frægi þýski baráttumaður Klara Zetkin. Þennan dag fóru verkakonur í sitt fyrsta verkfall 1848.

2. Sagt frá fundi Jafnréttisráðs Íslands og fulltrúa nokkurra jafnréttisnefnda í Reykjavík 5. febrúar s.l. Stella Steinþórsdóttir og Gerður G. Óskarsdóttir sóttu fundinn. Umræðuefni fundarins voru hlutverk Jafnréttisráðs og hlutverk og tilveruréttur jafnréttisnefnda.

Dreift var fréttabréfi frá Jafnréttisráði, sem nefndarmenn munu dreifa um bæinn og yfirliti um Jafnréttisnefnd Neskaupstaðar sem dreift var á fundinum með Jafnréttisráði.

3. Formaður las upp bréf, sem sent var bæjarstjóra með beiðni um fjárveitingu fyrir árið 1978. Fjárveiting er 150 þús. kr.
4. Rætt var um fund Verkalýðsfélags Norðfirðinga og Jafnréttisnefndar á kaffistofu frystihússins. Tekin var ákvörðun um tíma, þ.e. að fundurinn verði haldinn 15. mars n.k. kl. 3⁰⁰ e.h. Fyrir fundinum lá tillaga að dagskrá. Fengist hefur leyfi til að framlengja kaffitíma um helming.

Myndaður var starfshópur nefndarmanna til undirbúnings fundarins.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Stella Steinþórsdóttir (sign.)	Randiður Vigfúsdóttir (sign.)	Gerður G. Óskarsdóttir (sign.)
Arni Þormóðsson (sign.)	Sigrún Þormóðsdóttir (sign.)	Anna Björnsdóttir (sign.)
Hlín Aðalsteinsdóttir (sign.)		

Ár 1978, miðvikudaginn 15. mars kl. 15⁰⁵ hófst kynningarfundur í kaffistofu frystihúss S.V.N. á vegum Verkalýðsfélags Norðfirðinga og Jafnréttisnefndar Neskaupstaðar.

Fundinn sátu yfir 100 starfsmenn fiskvinnslustöðvarinnar. Úr Jafnréttisnefnd voru mættir: Anna Björnsdóttir, Arni Þormóðsson, Gerður G. Óskarsdóttir, Hlín Aðalsteinsdóttir, Randiður Vigfúsdóttir, Sigrún Þormóðsdóttir, Stefánía Stefánsdóttir og Stella Steinþórsdóttir.

Efni fundarins var staða og störf kvenna með sérstakri áherslu á það tvöfalda vinnuálag sem konur búa við, ef þær gegna störfum úti í atvinnulífinu jafnframt heimilis- og uppeldisstörfum.

Dagskrá:

1. 8 manna hópur kvenna söng við gítarundirleik sönginn um frystihúskonuna eftir Þóru Mortensen. Í hópnum voru 7 starfandi konur í frystihúsinu og ein úr jafnréttisnefnd.
2. Guðmundur Sigurjónsson stjórnarmaður í Verkalýðsfélaginu setti fundinn og ræddi tengsl kvennabaráttu og verkalýðsbaráttu.
3. Unnur Jóhannsdóttir talaði um kvenréttindaáratug Sameinuðu þjóðanna 1975-85 og hlut Íslands í þeirri baráttu, sem fram skal fara á þessum árum:

Á kvennaári starfaði kvennaársnefnd, sem m.a. gerði ýmsar kannanir, sem gefnar voru út af Forsætisráðuneytinu 1977, Jafnréttisráð var stofnað 1976 og jafnréttisnefndir eru starfandi á vegum 6 sveitarfélaga.

4. Gestur fundarins var Jóhanna Friðriksdóttir verkamaður og formaður verkakvennafélagsins Snótar í Vestmannaeyjum flutti ávarp.

Lýsti hún því tvöfalda vinnuálagi sem verkakonur búa við. Hún ræddi um heimilisstörfin og hvernig mætti skipta þeim á allt heimilisfólkið, ef skilningur væri á því innan fjölskyldu að allir ættu að vera færir um að sinna þessum þjónustustörfum og gerðu það til skiptis eða hver hefði sitt hlutverk í stað þess að ætla húsmóðurinni þau einni til viðbótar við hennar langa vinnudag úti í atvinnulífinu. Einnig drap hún á ýmsa þætti í daglegu lífi þar sem misrétti kynjanna kemur fram og afleiðingar vinnuálagsins t.d. lítil þátttaka í félagslífi o.fl.

Hún endaði á því að óska konum ekki jafnréttis á við karla á einu sviði, en það væri í glæpum og fjárplógsstarfsemi. Hún vildi ekki að konur fylltu fangelsin til jafns við karla, en hún taldi að miklar kröfur í uppeldi til drengja um að þeir létu engan bilbug á sér finna og "kæmust áfram", yrði m.a. til þess að ýmsum reyndist erfitt að standa sig í okkar margslúngna þjóðfélagi og færu því út í vafasama líti.

5. Kórinn söng lokasönginn úr "Ertu nú ánægð kerling?" , "Hvers vegna þegjum við þunnu hljóði..." .

6. Þá voru fluttar og sýndar ýmsar staðreyndir um störf og stöðu kvenna. Sýnd voru súlurit af myndvarpa úr könnunum kvennaársnefndar, auk skopmynda til áherslu.

Þrír upplesarar, þau Pétur Kjartansson, Stella Steinþórsdóttir og Unnur Jóhannsdóttir starfsmenn frystihússins, lásu skýringar texta og stutta texta úr bókum. Randíður Vigfúsdóttir söng brag um saklausu sveitastúlkuna sem flytur í þéttbýlið og spilaði undir á gítar.

Hér var um að ræða upplýsingar um atvinnuþátttöku kvenna, skiptingu heimilisstarfa, mismunandi þátt hjóna í uppeldisstarfinu, aðstöðu kvenna sem fást við ritstörf, menntunarmögu leika kvenna og að lokum um konur í forystu.

7. Að lokum söng kórinn "stríðshvöt" til verkakvenna.

8. Formaður Jafnréttisnefndar Gerður G. Óskarsdóttir þakkaði forráðamönnum frystihússins fyrir hönd fundarboðenda fyrir að hafa gefið leyfi sitt til fundarhaldsins, gestinum Jóhönnu Friðriksdóttur komuna og fundarmönnum góðar undirtektir. Að lokum minnti hún fundarmenn á hlutverk jafnréttisnefndar, sem annars vegar er að sinna málum er varða misrétti vegna kynferðis og koma þeim til Jafnréttisráðs og hins vegar að vinna að könnun og kynningu á misrétti kynjanna, en þessi fundur hefði verið einn liður í því starfi.

Fundinum lauk kl. 15³⁵ og hafði þá staðið í 30 mínútur.

Gerður G. Óskarsdóttir
(sign.)